





# SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

## Aðalskipulag 2004-2016 - breyting vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar



Breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR	
	Landbúnaðarsvæði
	Ibúðarsvæði
	Svæði fyrir þjónustustofnanir
	Verslunar- og þjónustusvæði
	Opin svæði til sérstakra nota
	Óbyggð svæði
	Efnistökusvæði
	Iðnaðarsvæði
	Fristundasvæði
	Svæði á náttúruminjaskrá
	Þjóðminjavernarsvæði
	Hverfisverndarsvæði
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Aðrir vegir (til skýringar)
	Reiðleiðir
	Raflinur
	Sveitarfélagamörk

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, á iðnaðarsvæði við Búrfellsvirkjun. Breytingin tekur til stækkunar á Búrfellstöð, námu- og haugsetningarsvæði í tengslum við þá stækkun. Breytingin mun hafa áhrif á hverfisverndarsvæði (H6) við Fossá og draga úr vatnsmagni sem nú fer um fossa í Þjórsárdal austan Búrfells, þ.e. Tröllkonuhlaup og Þjófafoss.

#### 1.1 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Breytingin tekur til svæðanna I1 og I2 en ekki er gert ráð fyrir breyttri afmörkun. Breytingin tekur til aukinnar orkuvinnslu á svæðinu og námu vegna framkvæmdanna. Virkjunin tengist núverandi raflinum innan iðnaðarsvæðis. Unnið verður deiliskipulag fyrir Búrfellsvirkjun. Meginmarkmið sveitarstjórnar með breytingunni er að efla atvinnulíf og möguleika til orkuútlunar og nýta betur þá vatnsmiðlun sem fyrir hendi er á Þjórsársvæðinu.

#### 1.2 KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing sem unnin var skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var kynnt íbúum með auglýsingu þann 23. janúar 2014 og síðan sendt til umsagnaraðila. Fram kom í ábendingum Skipulagsstofnunar að gera þarf skýra grein fyrir umhverfisáhrifum af framkvæmdinni í umhverfisskýrslu og vöktunaráætlun, sé hennar þörf. Auk þess var hvatt til að skoða stefnumörkun fyrir svæðið í heild. Aðrir umsagnaraðilar gerðu ekki efnislegar athugasemdir. Stækkun Búrfellsvirkjunar, um allt að 140 MW, var tilkynnt til Skipulagsstofnunar í apríl 2013, í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat, nr. 106/2000. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar, dags. 11. júlí 2013, kemur fram að framkvæmdin „...sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum“. Aðalskipulagsbreytingin er háð mati á umhverfisáhrifum áætlana sbr. 3. gr. laga nr. 106/2005 um umhverfismat áætlana. Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. 30 - 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

#### 1.3 BREYTING AÐ LOKINI SAMÞYKKT SVEITARSTJÓRNAR

Að fengnum ábendingu Skipulagsstofnunar var gerð betur grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdar, mótvægisáðgerðum og verndarsvæðum. Auk þess hnykkt betur á niðurstöðu sveitarstjórnar.

### 2. BREYTING AÐALSKIPULAGS

#### 2.1 GILDANDI AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 var staðfest af umhverfisráðherra 6. apríl 2006. Gerð var breyting á kafla 6 í greinargerð, dags. 19. sept. 2012 fyrir iðnaðarsvæði I1 og I2 í tengslum við vindrafstöðvar sem settar voru upp á Hafinu. Þá var gerð breyting á aðalskipulagi, dags. 18. feb. 2011, þar sem gert er ráð fyrir efnistökusvæðum á Guðmundareyri í Þjórsá (E7). Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir I1, Búrfellsvirkjun og athafnasvæði hennar og „I2: Sultartangastöð og athafnasvæði er skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota“

#### 2.2 BREYTT AÐALSKIPULAG

Gerð verður breyting á greinargerð, kafla 6 um iðnaðarsvæði. Svæðið sem um ræðir er skilgreint með blandaða landnotkun, opið svæði til sérstakra nota og iðnaðarsvæði. Ekki verður gerð breyting á afmörkun þess en sett verður inn á uppdrátt iðnaðarsvæðis, I1A, sem tekur yfir núverandi stöðvarhúsi, stækkun virkjunar og framkvæmdasvæði hennar. Eftir breytingu verður texti fyrir iðnaðarsvæði í kafla 6 eftirfarandi:  
- „I1: Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota. Heimilud er orkuvinnsla með vindrafstöðvum, allt að 1,9 MW vestarlega á Hafinu. Samþykkt deiliskipulag er af vinnslusvæðinu“.  
- „I1A: Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Svæðið tekur yfir núverandi svæði Búrfellstöðvar og framkvæmdasvæði í tengslum við stækkun virkjunar og er um 530 ha. Virkjun stækkar úr 270 MW í allt að 410 MW. Unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið þar sem m.a. verður gerð grein fyrir aðkomu að nýju stöðvarhúsi og haugsetningu efnis innan iðnaðarsvæðisins“.

Þá er einnig gerð breyting á greinargerð, kafla 7 um efnistökusvæði. Gert er ráð fyrir tveimur efnistökusvæðum; E8 og E9. Næma E8 er innan iðnaðarsvæðis I1A en E9 er á iðnaðarsvæði I1 sem er skilgreint með blandaða landnotkun. Eftir breytingu verður texti í kafla 7 eftirfarandi:  
„E8 Grjótnáma á iðnaðarsvæði í Samsstaðamúla. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 150.000 m<sup>3</sup>“.  
„E9 Náma við Isakot með fyllingarefni í steypu. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 30.000 m<sup>3</sup>“.

Innan iðnaðarsvæðisins I1A eru rústir Samsstaðabæjarins (M24). Minjum verður ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda og er gert ráð fyrir að þær verði merktar í samráði við Minjavörð Suðurlands.

### 3. MAT Á ÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

#### 3.1 LÝSING BREYTINGAR

Aðalskipulagsbreytingin er háð mati á umhverfisáhrifum áætlana sbr. 3. gr. laga nr. 106/2005 um umhverfismat áætlana. Framkvæmdin felur í sér stækkun Búrfellsvirkjunar, um allt að 140 MW, með nýju stöðvarhúsi í Samsstaðaklifi og þeim framkvæmdum sem því tengjast. Samhliða því breytist rennsli Þjórsár, minna vatn fer suður fyrir Búrfell en vatn í neðsta hluta Fossár eykst sem því nemur, allt að 140 m<sup>3</sup>/s. Fyrirhugað virkjanasvæði er að mestu leyti milli Búrfells og Samsstaðamúla. Aðrennsli verður úr Bjarnarlóni um aðrennslið og síðan um fallgöng niður að stöðvarhúsi sem verður í eða við Samsstaðaklifi. Frá stöðvarhúsi verður frárennslið skurður sem skilar vatninu niður í Fossá, skammt ofan ármóta Fossár og Þjórsár. Virkjunin mun tengjast núverandi orkuflutningskerfi sem liggur um iðnaðarsvæðið. Gert verður ráð fyrir efnislosumarsvæðum fyrir allt að 900.000 m<sup>3</sup> innan iðnaðarsvæðis I1A. Námur eru á Guðmundareyri (E7), í Samsstaðamúla (E8) og við Isakot (E9). Gert verður ráð fyrir að aðkoma að stöðvarhúsi muni einnig nýtast sem aðgengi að Búrfellsskógi. Svæðinu hefur nú þegar verið raskað. Í fyrstu áætlunum Búrfellsvirkjunar var gert ráð fyrir stækkun virkjunar með stöðvarhúsi við Samsstaðamúla. Því voru strax upp úr 1980 hafnar framkvæmdir við frárennslið, vegi og plön undir vinnubúðir. Þær framkvæmdir munu nýtast áætlaðri uppbyggingu. Þá munu núverandi veitumannvirki Búrfellsvirkjunar ásamt inntakslóni nýtast fyrir stækkun virkjunarinnar. Að framkvæmdum loknum verður gengið frá virkjanasvæðinu, svæðið mótað að landslagi og/eða grætt upp. Nánar verður gerð grein fyrir frágangi svæðisins í deiliskipulagi.

#### 3.2 SAMANBURÐUR VALKOSTA

Í Lýsingu fyrir framkvæmdina, sem auglýst var í janúar 2014 er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum og viðmiðum við gerð umhverfisskýrslu. Við greiningu á þeim þáttum sem talið er að helst geti orðið virki áhrifum vegna breyttrar landnotkunar er horft til:  
• Hagrænna og félagslegra þátta, þ.e. hvaða áhrif breytingin hefur á efnahag, atvinnulíf og þar með á byggð í sveitarfélaginu. Sérstaklega er horft til hvort og þá hvernig aukin orkuvinnsla nýtist sveitarfélaginu og öðru nærsvæði virkjunar.  
• Náttúrufræðilegir þættir, s.s. hvort breytingin hafi áhrif á landslag, jarðmyndanir, gróðurfar, dýra- eða vatnalíf. Þá er horft til þess hvort breytingin hafi áhrif á hnattræn viðfangsefni sem ríkisstjórn hefur sett fram sem markmið í ritinu Velferð til framtíðar, s.s. kolefnisbúskap eða endurnýjanlega orku.  
• Heilsa og öryggi, s.s. mengun í lofti eða vatni.  
• Náttúru og menningarmínjar þar sem horft er til verndarsvæða. Meðal annars er Þjórsárdalur og Fossá verndarsvæði, auk þess sem fossar njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga.

UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á				
VAL-KOSTIR	Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufræðileg landslag	Heilsa og öryggi	Vernd og minjar
Breytt aðalskipulag	Meiri orkuvinnsla stýður við atvinnu- og styrkir tekjagrunn sveitarfélagsins. Betri nýting á þeirri vatnsmiðlun sem er nú þegar á Þjórsársvæðinu.	Svæðinu hefur nú þegar verið raskað þegar stækka átti Búrfellsvirkjun 1980. Gengið verður frá öllu svæðinu. Öviss áhrif á lífríki Fossár. Gæti truflað fuglalíf á framkvæmdatíma og hugsanlega skert búsvæði þeirra. Rennsli Þjórsár sunnan Búrfells skerðist enn frekar. Sjónræn áhrif m.a. á fossa.	Almennt hefur vistvæna orkunýting jákvæð áhrif á umhverfisleg gæði, þ.a.m. loftslag og er í samræmi við fjölmarga sáttmála og alþjóðasamþykktir.	Minna vatnsmagn hefur áhrif á Tröllkonuhlaup og Þjófafoss. Breytt skipulag bætir líklega aðkomu að Búrfellsskógi. Minjum í Samsstaðamúla verður ekki raskað.
Gildandi aðalskipulag	Hagkvæm orka sem er ekki fullnýtt.	Svæðið er mikið raskað m.a. með virkjun og háspennulínu. Rennsli Þjórsár hefur verið skert. Ekki hefur verið gengið frá svæðinu þar sem stækkun var fyrirhuguð 1980.	Engin áhrif	Engin áhrif

#### 3.3 FRÁGANGUR OG VÖKTUN

Í úrskurði um matskýldu, dags. 11. júlí 2011, kemur fram að áhrif á lífríki Fossár séu óviss og er æskilegt að fylgjast með áhrifum á gönguhegðun fiska. Mikilvægt er að dregið verði sem mest úr raski á framkvæmdatíma. Að loknum framkvæmdum verði gengið frá svæðinu þannig að mannvirki og umhverfi þeirra falli sem best að náttúrulegu umhverfi á svæðinu. Í deiliskipulagi verður nánar gerð grein fyrir vöktunaráætlun fyrir Fossá og frágangi á framkvæmdasvæði, þ.m.t. á námu- og haugsvæðum.

### 4. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Helstu áhrif breytts aðalskipulags eru að orkuframleiðsla eykt samhliða því sem betri orkunýting fæst á svæði sem nú þegar er verulega raskað vegna orkuvinnslu og hluti hefur þegar verið unnin. Áhrif framkvæmdarinnar eru óveruleg nema þá helst út frá sjónrænum þáttum. Svæðið er nú þegar skilgreint sem iðnaðarsvæði og virkjan- og veitumannvirki eru til staðar á svæðinu. Almenn er æskilegt að setja mannvirki niður á svæði þar sem mannvirki eru fyrir og stefnt skal að nýta sem best þær undirbúningsframkvæmdir sem þegar hafa verið unnar s.s. frárennslið og vinnuþlön. Niðurstaða fyrirspurnar vegna mats á umhverfisáhrifum er að Skipulagsstofnun telur að stækkun virkjunar „... sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif...“. Sveitarstjórn lítur á virkjun vatnsafls sem vistvæna orkunýtingu og alþjóðlegir sáttmálar og samningar lúti að því að nýta endurnýjanlega orkugjafa sem mest. Auk þess er, með stækkun Búrfellsvirkjunar, verið að ná fram betri nýtingu á þeirri vatnsmiðlun sem er nú þegar á Þjórsársvæðinu. Framkvæmdin hefur áhrif á Fossá en að öðru leyti lítill sem engin áhrif á verndarsvæði en mun bæta aðgengi að náttúruminum s.s. Búrfellsskógi. Friðlýstum minjum í Samsstaðamúla verður ekki raskað. Það er því niðurstaða sveitarstjórnar að breyta aðalskipulagi til að hægt sé að stækka Búrfellsvirkjun.

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_  
Tillagan var kynnt dags. \_\_\_\_\_  
Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

**SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR**  
Aðalskipulagsbreyting

**STEINSHOLT**

Suðurlandsveggi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholt.is	Verk: 8720 SA109A Mkv: 1:50.000 Bláðstærð: A2 Samþykkt:	Dags: 13.03.2014 Breytt: 17.09.2014
--	--	--

Hannað: GG, ÁJ, IS  
Teiknað: IS